



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 01.03. 2019 7. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er næsta lota hafin, marsmánuður framundan með nýjum og spennandi verkefnum í skólanum. Við hefum fyrstu vikuna á vetrarleyfi en það hefst á öskudag þann 6. og því lýkur föstudaginn 8. mars.

Nú er búið að velja fulltrúa Síðuskóla sem keppa fyrir okkar hönd í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk sem haldin verður í MA miðvikudaginn 20. mars. Fulltrúar okkar eru þær Sigrún Freygerður og Christine Lea og til vara Emma Líf. Við óskum þeim stöllum góðs gengis í keppninni.

Í þessum mánuði munum við halda í Hlíðarfjall og gera okkur glaðan dag. Okkur hefur verið úthlutað fimmtudeginum 21. mars og til vara fáum við föstudaginn 22. mars. Þessi dagur er einn af þessum 10 skóladögum sem ekki eru fullir skóladagar. Nemendur mæta í skólann kl. 8.00 en fara síðan heim þegar fjallaferð er lokið. Frístund er opin og matur fyrir þá nemendur sem eru þar. Nánara skipulag dagsins kemur síðar.

Við höldum áfram hér í Síðuskóla að vinna að umhverfismálum. Nú er þemað okkar lýðheilsa og munum við vinna með það verkefni þetta skólaár og það næsta. Við höldum að sjálfsögðu áfram með stefnuna okkar að minnka matarsóun, flokka rétt og spara rafmagn. Það er mikill styrkur fyrir okkur í skólanum að heimilin séu með okkur í að ræða um umhverfismál og hvað það skiptir miklu máli að ganga vel um jörðina okkar.

Með kærri kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

Á döfinni í mars:

5. mars	Söngsalur kl. 8:40. 5. og 6. bekkur velja lög
6.—8. mars	Vetrarfrí, Frístund opin frá 13:00.
11. mars	Samræmd próf í 9. bekk — íslenska
12. mars	Samræmd próf í 9. bekk — stærðfræði
13. mars	Samræmd próf í 9. bekk — enska
18. mars	Hæfileikakeppni hefst
20. mars	Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar
21. mars	Útivistardagur



Mars er tileinkaður

Virðingu

Regla mánaðarins er

**„Við virðum eigin annarra
og göngum vel um“**

Úrslit í 100 miða leik

Þriðjudaginn 19. febrúar sl. söfnuðust nemendur skólans á sal. Tilefnið var að tilkynna úrslitin í 100 miða leiknum, sem er hluti af SMT skólafærni og haldinn er á hverju ári. Nemendur sem voru í vinningsröðinni fóru fyrst heim til Ólafar skólastjóra þar sem þeir gæddu sér á nýbökðuðum vöfflum. Í framhaldinu af því var farið í Flugsafnið á Akureyrarflugvelli þar sem Gestur Einar Jónasson tók á móti hópnum og sýndi hópnum safnið. Margt áhugavert er að sjá á Flugsafninu og m.a. hittu nemendur hóp flugvirkja sem eru að taka hluta námsins á safninu. Hér að neðan má sjá myndir af hópnum sem dreginn var út auk mynda frá ferðinni sem þau fóru í.



Hæfileikakeppni Síðuskóla.

Hæfileikakeppni nemenda verður haldin í mars og apríl, þ.e. fyrst undankeppnir í bekkjum, því næst undanúrslit á sviði í mars og loks úrslit í byrjun apríl.

Keppnin verður með svipuðu sniði og í fyrra en því miður þarf að takmarka fjölda þeirra atriða sem koma fram á stóra sviðinu og fær hver árgangur að koma með eitt til tvö atriði. Sé mikill áhugi innan hvers bekkjar og mörg atriði sem vilja komast að þá er það í höndum þeirra sem halda utan um bekkina að finna út hvaða atriði eigi að komast áfram í undanúrslitakeppnina.

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Nú er daginn tekið að lengja og þá vex umferð barna í umferðinni, bæði við leik og á leið til og frá skóla. Því er við hæfi að rifja upp nokkur atriði varðandi umferðaröryggi sem gott er að hafa í huga. Gæta þarf að því að öryggisbúnaður þeirra sé í lagi sem og notkun reiðhjólahljálma. Á þessari síðu er hægt að skoða fræðslumyndbönd um hjólreiðar <http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/> og í þessum ágæta bæklingi er m.a. hægt að fræðast um atriði sem hafa ber í huga varðandi hjólreiðahljálma <https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>.

Á náms- og fræðsluvefnum www.umferd.is er svæði ætlað foreldrum/forráðamönnum. Hugmyndin er að leita eftir samstarfi við foreldra um leiðir sem þeir telja að komi sér vel í umferðarfræðslunni. Við þiggjum með þökkum allar hugmyndir og ábendingar frá ykkur.

Athygli er vakin á að:

- ⇒ samkvæmt 40. gr. umferðarlaga mega börn yngri en 7 ára ekki vera hjólandi í umferðinni nema í fylgd með 15 ára og eldri.
- ⇒ eigi má reiða farþega á reiðhjól eða rafvespu. Þó má vanur reiðhjólamaður sem náð hefur 15 ára aldri reiða barn yngra en 7 ára en ber þó að nota viðeigandi öryggissæti og búnað.
- ⇒ best er að nota hjálm, það er eina vitið. Börnum yngri en 15 ára er skylt að nota reiðhjólahljálma og viðeigandi hlífðarbúnað þegar þau ferðast um á reiðhjólum, rafvespum, hjólabrettum og línuskautum.

MATSEÐILL - mars 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1. Mjólkurgrautur og slátur
4. Krakkabúðingur, kartöflur, sósa og grænmeti	5. Bleikja, krydd-kartöflur, sósa og grænmeti	6. Vetrarfrí	7. Vetrarfrí	8. Vetrarfrí
11. Fiskibollur, hrís-grjón, karrýsósa, ávextir	12. Kjötsúpa	13. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa, salatbar	14. Soðin ýsa, kartöflur, rúg-brauð og ávextir	15. Lambapottréttur, hrísgrjón og grænmeti
18. Plokkfiskur, rúg-brauð og ávextir	19. Hakkbollur, kartöflur, sósa og grænmeti	20. Ostafylltur fiskur, kartöflur, kokteilsósa og ávextir	21. Útivistardagur	22. Makkarónugrautur og ávextir
25. Hakk, spaghetti og grænmeti	26. Gratínfiskur, hrís-grjón, salatbar	27. Lambasnitsel, kartöflur og meðlæti	28. Kjúklingar og franskar Óskadagur 9. bekk	29. Sveppasúpa og brauð